# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 86 24. febrúar 1993 með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Tegundir talnagetrauna.

2.1 Íslensk getspá starfrækir talnagetraunir (lottó) undir heitunum „Lottó 5/38" og „Víkingalottó" („Lottó 6/48"), en hina síðarnefndu talnagetraun starfrækir það í samvinnu við eftirgreind talnagetraunafyrirtæki: AB Svenska Spel, Svíþjóð, Norsk Tipping A/S, Noregi, OY Veikkaus ab, Finnlandi, og Dansk Tipstjeneste As, Danmörku. Um getraunastarfsemina gilda eftirfarandi reglur:

2. gr.

3. gr., liður 3.9, orðist svo:

3.9 Verð fyrir hvern leik (röð) í „Lottó 5/38" er 50 kr. og í „Víkingalottói" 25 kr. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár.

3. gr.

5. gr., liður 5.2, síðasti málsliður, orðist svo:

Útdrátturinn fer fram með þeim hætti að valdar eru sex aðaltölur af tölunum 1-48 og því næst eru valdar 2 aukatölur, „bónustölur" af þeim sem þá eru eftir.

4. gr.

Í 5. gr., lið 5.5.2, a), komi 0,035 ECU í stað „0,03 ECU".

5. gr.

5. gr., liður 5.5.2, b), töluliður 1., orðist svo:

1. 28% skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveim aukatölum, „bónustölum".

6. gr.

5. gr., liður 5.5.2, b), töluliður 4., orðist svo:

4. 15% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveim aukatölum, „bónustölum".

7. gr.

6. gr., liður 6.1, 2. mgr., „Víkingalottó", orðist svo:

| „Víkingalottó" | |
|---|---|
| 6 réttar aðaltölur: | 1:12.271.512 |
| 5 réttar aðaltölur og aukatala: | 1:1.022.626 |
| 5 réttar aðaltölur: | 1:52.442 |
| 4 réttar aðaltölur: | 1:950 |
| 3 réttar aðaltölur og aukatala: | 1:393 |

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast gildi 30. október 1997.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. október 1997.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*

13. október 1997 Nr. 583

# GJALDSKRÁ

**Selfossveitna bs.**

1. HLUTI
**Sölutaxtar, stofngjöld og innheimta.**

**I. Sölutaxtar.**

Allt verð er án virðisaukaskatts. Á það leggst vsk. eins og hann er hverju sinni og kveðið er á um í viðeigandi lögum og reglugerðum.

**I.a. Rafmagn.**

| *Almennir taxtar.* | Ein. | Grunngjald |
|---|---|---|
| A1 Almenn notkun 1. | | |
| Orkugjald | kr/kWh | 6,29 |
| Fastagjald | kr/ár | 2.749,00 |
| A2 Almenn notkun 2. | | |
| Orkugjald | kr/kWh | 6,29 |
| Fastagjald | kr/ár | 8.307,00 |
| A3 Mannvirkjagerð | | |
| Orkugjald | kr/kWh | 6,29 |
| Fastagjald | kr/ár | 8.307,00 |
| *Afltaxtar.* | | |
| B1 Afl og orkumæling 1. | | |
| Orka | kr/kWh | 2,28 |
| Afl | kr/kW/ár | 9.756,00 |
| Fastagjald | kr/ár | 8.307,00 |
| B2 Afl og orkumæling 2.I | | |
| Orkugjald. Sumar: 1. maí - 30. sept. | kr/kWh | 1,98 |
| Orkugjald. Vetur: 1. okt. - 30. apríl | kr/kWh | 4,15 |
| Afl | | |
| Aflgjald. Sumar: 1. apríl - 31. okt. | kr/kW/mán | 599,87 |
| Aflgjald. Vetur: 1. nóv. - 31. mars | kr/kW/mán | 1.195,50 |
| Fastagjald | kr/mán | 2.788,00 |
| B3 Útilýsing 1. | | |
| Rofin útilýsing, viðhald | kr/kW/ár | 17.970,00 |
| Rofin útilýsing, aflgjald | kr/kW/ár | 16.587,00 |
| B4 Útilýsing 2. | | |
| Stofn og tengigjald | kr. | 17.771,00 |
| Aflgjald | kr/W/ár | 31,00 |
| Orkugjald | kr/W/ár | 33,00 |